



Reglur um val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ

1. gr.

Val á íþróttamanni ársins skal kynnt á hátíðarsamkomu sem haldin skal fyrir 30. janúar ár hvert.

2. gr.

Skilyrði er að íþróttamaður ársins keppi fyrir hönd íþróttafélags í sveitarfélaginu.

3. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd Ísafjarðarbæjar skal sjá um að velja íþróttamann ársins hverju sinni úr hópi tilnefndra aðila.

4. gr.

Íþróttafélög í Ísafjarðarbæ tilnefna íþróttafólk til kjörsins, einn fyrir hvern kynjaflokk úr þeirri íþróttagrein sem hjá þeim er stunduð. Íbúum Ísafjarðarbæjar gefst einnig kostur á að tilnefna íþróttafólk. Allar tillögur skulu rökstuddar. Tilnefndir íþróttamenn skulu hafa náð 18 ára aldri á keppnisárinu. Íþróttá- og tómstundanevnd velur 10 íþróttamenn úr öllum tilnefningum sem verða í endanlegu kjöri um íþróttamann ársins.

5. gr.

Íþróttamaður ársins í Ísafjarðarbæ hlýtur við útnefningu farandbikar til eins árs og bikar til eignar. Allt tilnefnt íþróttafólk hlýtur sérstaka viðurkenningu.

6. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd velur einnig efnilegasta íþróttamann ársins úr tilnefningum frá íþróttafélögum í sveitarfélaginu. Íþróttafélög geta tilnefnt einn úr hverjum kynjaflokki í þeirri íþróttagrein sem er stunduð hjá þeim. Tilnefnt íþróttafólk skal vera undir 18 ára aldri á keppnisárinu.

7. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd hefur heimild til að veita hvatningarverðlaun fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu. Óskað skal eftir tilnefningum. Viðurkenningin skal veitt á hátíðarsamkomu þar sem íþróttamaður ársins er heiðraður.

8. gr.

Framkvæmd hátíðarsamkomu: Æskilegast er að sem flestir bæjarbúar eigi kost á því að fylgjast með kjöri á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar. Hátíðarsamkoman þar sem verðlaunin eru veitt skal vera opin og auglýst. Boðsbréf skulu send út til þeirra íþróttamanna sem eru tilnefndir.

9. gr.

Allar tilnefningar skal birta opinberlega eftir að útnefning íþróttamanns Ísafjarðarbæjar hefur farið fram.

10. gr.

Reglur þessar taka gildi þann 19. október 2023. Þær má endurskoða fyrir 30. nóvember ár hvert og taka breytingar þá gildi á næsta ári þar á eftir.

Samþykkt á 244. fundi íþróttá og tómstundanevndar, 20. september 2023.

Samþykkt á 521. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þann 19. október 2023.